

	Bls.
Úrslit vísnaþeppninnar 1983 .....	1
Vísnaþeppi 1984 .....	4
Hannes Pétursson: Vísnaþál.....	5
Héraðsbókaþafn Skagfirðinga, Safnaþús Skagfirðinga: Ársskýrsla 1983 .....	10
Greinaergerð um Héraðsskjalasafn Skagf. 1983.....	13
Skjalasöfn hreppanna í Skagafjarðarsýslu Úr Héraðsskjalasafni .....	17
Hver er maðurinn? .....	26

8. árgangur 1984

# safnaþál þál



Útgefandi:  
HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA  
og  
HÉRAÐSBÓKASAFN SKAGFIRÐINGA  
SAUÐÁRKRÓKI

Gefið út með styrk úr  
MENNINGARSJÓÐI  
MAGNÚSAR BJARNASONAR  
kennara

Umsjón:  
HJALTI PÁLSSON  
KÁRI JÓNSSON  
KRISTMUNDUR BJARNASON

Ábyrgðarmaður:  
KÁRI JÓNSSON

AKUREYRI  
PRENTVERK ODDS BJÖRNSSONAR HF.  
MCMLXXXIV

## Úrslit vísnaþkeppninnar 1983

Andrés Björnsson útvarpsstjóri og Sigurjón Björnsson prófessor settust enn sem fyrr á rökstóla og dæmdu í vísnaþkeppninni, og kunna Safnamál þeim þakkir fyrir. Að þessu sinni skyldi velja beztu vísuna kveðna um sumarleyfi (orlof), svo og tvo botna, sinn við hvorn fyrripart. Eftirfarandi staka þótti bezt:

Ýmsa staði hef ég hitt  
— hugann látið dreyma —  
en allra bezta orlof mitt  
átti ég með þér heima.  
Þula.

Höfundurinn reyndist vera Hólmfríður Jónasdóttir, Víðigrund 16, Sauðárkróki.

Eftirfarandi botnar þóttu beztir:

Botn: Næðingur og nepjan köld  
nú vill lýði þreyta.  
Mættu æðstu máttarvöld  
miskunn okkur veita.

Botn: Geislar sól um grænan völl,  
gyllir hól og rinda,  
burt er njóla, bláskyggð fjöll,  
blik á stóli tinda.

Höfundur fyrri botnsins nefndi sig *Gosa*. Hann reyndist vera Friðrik Friðriksson, Bárustíg 7, Sauðárkróki.

Síðari botninn var merktur: Fjallarefur. Hann sagði til nafns með þessum hætti:

Ýtar snjallir óðs við stref  
öllum nærri sanni  
fjörulalla og fjallaref  
finna í sama manni.

Nú er lesenda að ráða nafngátuna og höfundar að gefa sig fram við Safnamál.

Af öðrum botnum verða að nægja örfá sýnishorn, og er þeim raðað í stafrófsröð eftir upphafsorði:

Gleði' er í þinni hugarhöll  
og hlýja sunnanvinda.  
Jónas Josteinnsson,  
Mávahlíð 8, Reykjavík.

Hefur tekið vetur völd,  
vill ei háttum breyta.  
Huldumaður.

Það er vandi um vetrarkvöld  
vinarskál að neita.  
Fjallarefur.

Þó er fátt, sem okkar öld  
ekki nær að breyta.  
Bóndi I.

Þykja strembin þorravöld,  
því ber ekki að neita.  
Neinn.

*Bóndi I* er dulnefni Axels Þorsteinssonar, Litlu-Brekku í Hofshreppi. Sá, sem leynist bak við dulnefnið *Neinn*, kynnti sig ekki frekar. *Huldumaður* kynnti sig aftur á móti með svofelldum hætti:

Eins og það er klárt og kvitt,  
að kemst hans tal á Safnið,  
huldumaður hefur sitt  
hér í falið nafnið.

Minning lifir mikið kær  
mislöng eftir kynni,  
(hjal til eyrna ykkur nær)  
og í geymist minni.

Þá koma hér nokkrar vísur um orlofið:

Svífur frjáls í sumarfrí  
sólarpýrstur maður.  
Salinn fjalla sækir í  
sæll og hyggjuglaður.  
Fjallarefur.

Í vikutíma vatnið eitt  
var minn sessunautur.  
Áður talinn yfirleitt  
alveg nógu blautur.  
Austri.

Ef að tíðin yrði góð  
og allar slóðir greiðar,  
æki ég með flösku og fljóð  
fram á reginheiðar.  
Bóndi I.

Austri kynnti sig ekki frekar.

*K. B.*

## Vísnaþkeppni 1984

Beðið er um botna við eftirfarandi fyrriþarta:

Blankar sól á bæjarþil,  
ber við fjallahnjúka. . .

— — —  
Ágústnóttin undurhljótt  
yfir sviðið rennur. . .

Rétt er að taka fram varðandi síðari fyrriþartinn, að ætlazt er til, að kveðið sé oddhent, þ.e. miðrímað saman í 1. og 3. vísuorði, (á móti *nóttin*), og á sama hátt í 2. og 4. vísuorði (rímað móti *sviðið*).

Síðan eru lesendur beðnir að yrkja um tiltekið efni, að þessu sinni eiga stökurnar að vera *um upprekstur hrossa á Eyvindarstaðaheidi 1984*.

Skilafrestur er til 31. marz 1985. Botna og vísur skal merkja dulnefni. Höfundarnafn fylgi í lokuðu umslagi. Kveðskapinn skal senda til Héraðsskjalasafns Skagfirðinga, Sauðárkróki.

K. B.

## Vísnamál

Þrjár stökur á hrakningi

1.

Bjarni Gíslason, hagrðingurinn kunnur, var á fyrri árum sínum helzt kenndur við Kálfárdal og Sjávarborg, en bjó síðast í Dala-



Bjarni Gíslason.

sýslu. Hann fæddist 1880 og lifði til 1940. Bjarni nam í Hvítárþakkaskóla tvo vetur, en gaf sig eftir það (frá 1912) að ýmsu, m.a. barnakennslu stundum, og hafði mest við sunnanlands og vestan.

Bjarni var fríður maður, knálegur og bar sig vel; þótti greindur í bezta lagi og skemmtilegur viðkynningar. Systursonur hans, Gunnar Einarsson á Bergskála, segir í vísnaþandriti: „Bjarni Gíslason, móðurbróðir minn, var kunnur og snjall hagrðingur, hestamaður, þótti gott í staupi og talið að hann hefði gaman af laglegu kvenfólki.“ Óhætt mun víst að taka undir þetta.

Eftir Bjarna liggur margt vísna, ef til vill enginn sandur, en ýmsar þeirra vel heppnaðar. Hins vegar safnaði hann aldrei kveð-

skap sínum til bókar. Eina formlega sýnishornið af kveðskap Bjarna Gíslasonar, samkvæmt frágangi hans sjálfs, mun hafa birt í Stuðlamálum II, 1927. Þar fylgir stutt æviágrip höfundar eftir umsjármann ritsins, Margeir Jónsson á Ögmundarstöðum.

2.

Hér er ekki ætlunin að kynna vísnaverð Bjarna Gíslasonar frá mörgum hliðum, heldur skal einungis dregið á þrjár vísur sem hafa lent á hrakningi, og er reyndar ekki öruggt að Bjarni sé höfundur nema tveggja þeirra.

Þess er þá fyrst að geta, að í kvæða- og vísnasafni Friðriks Hansens, Ljómar heimur, 1957, stendur eftirfarandi staka á bls. 75 (ásamt inngangslínu: „Höfundur sá glæsilega konu á mannfundi“):

Gleði myndast geðs um ból,  
gott er að hrinda trega.  
Það er yndi að sjá nú sól  
svona skyndilega.

Þessi vísa er ekki eftir Friðrik, heldur Bjarna Gíslason, og Friðrik eignaði sér hana aldrei sjálfur svo vitað sé, hún lá aftur á móti innan um blaðadót hans að honum látnum, skrifuð á seðil með hendi Gunnars á Bergskála, og höfundar þar ekki getið. Vísan er sömu-leiðis varðveitt með hendi Gunnars í Lbs. 4302, 4to, eignuð Bjarna skýrt og greinilega. Þar eru tildrögin orðuð svo: „Höf. sá fallega stúlku ásamt öðrum stúlkum, sem voru honum ekki eins að skapi.“

Árið 1924 kom út í Reykjavík lítið kver eftir Gísla skáld Ólafsson frá Eiríksstöðum, Nokkrar stökur. Á bls. 17 getur að lesa:

Ég hefi kynnt við trega' og tál.  
Trúin finnst mér lygi.  
Ljósblík innst í eigin sál  
er mitt hinnta vígi.

Höfundur þessarar vísu er Bjarni Gíslason, og hún birtist undir nafni hans í Stuðlamálum, 1927, rituð lítið eitt á annan veg en í Nokkrum stökum. Varla mun Gísli Ólafsson hafa sölsað neitt undir sig sem aðrir menn kváðu, enda finnst ekki þessi staka í hinu stóra safni hans, Á brotnandi bárum, 1944. En hvernig gæti þessu þá vikið við?

Í Grikklandsárinu, 1980, eftir Halldór Laxness er frásögn af því (eða gamansaga um það) hvernig til tókst um útgáfu bókarkversins Nokkrar stökur, bráðfyndin. Laxness liggur hlýtt orð til Gísla Ólafssonar, og hann grípur upp úr þessu kveri hans vísuna hér á undan í því skyni að sýna lífsskoðun hans á vissum tíma, en fer óvart heldur en ekki mannavillt, hittir fyrir Bjarna Gíslason. Ef styðjast mætti við þá hrakningssögu sem Laxness fer með í bók sinni og lýtur að Nokkrum stökum Gísla frá Eiríksstöðum, þá er ekki lygilegt að umræddri vísu Bjarna Gíslasonar hafi skolað inn í bók- arhandritið á tímabilinu sem leið frá því er það lagði af stað suður til Reykjavíkur (norðan úr Húnavatnssýslu) og unzt það rataði loks í prentsmiðju þar — einhver skotið vísunni inn í handritið án vitundar Gísla, fullviss þess að hann væri höfundur hennar, ekki viljað að hún yrði eftir. Fyrirlitning Gísla á útgáfunni, sem Laxness víkur að, kynni að eiga sér skýringu í þessu meðal annars. En sumsé, Gísli skáld Ólafsson frá Eiríksstöðum mælti aldrei: „Ég hefi kynnt við trega' og tál. Trúin finnst mér lygi . . .“ heldur var það Bjarni Gíslason.

Órar heitir ljóðabók, gefin út í Reykjavík 1925 og er eftir Hannes Guðmundsson. Hann var frá Syðri-Brú í Grímsnesi, um tíma fisk- sali í Reykjavík. Á bls. 56 í bókinni má líta vísu innan um aðrar, undir fyrirsögninni Stökur:

Hans var jafnan höndin treg  
að hjálpa smælingjunum.  
Gengur hann ekki glæpaveg,  
en götuna meðfram honum.

Í safni Jóhanns Sveinssonar frá Flögu, Ég skal kveða við þig vel,

1947, bls. 103, er þessi meinlega snilldarvísa eignuð Bjarna Gíslasyni, og þar er þriðja línan höfð öðruvísi en hér að ofan („gekk þó aldrei glæpaveg“).

Bjarni og Hannes Guðmundsson voru vinir og drykkjubræður. Í stóru vísnaafni Ólafs Marteinssonar magisters, Lbs. 2443-45, 8vo, er að finna marga sedla með vísnum eftir Bjarna, merкта fangamarki heimildarmanns, „H.G.“ Þeir stafir tákna mjög líklega nafn Hannesar Guðmundssonar. Þar er m.a. staka sem Bjarni kvað eitt sinn í gamansemi um Hannes, að því er mér sagði Þorgeir skáld Sveinbjarnarson, en í handriti er tilefnisins látið ógetið:

Hann tók í nef hjá náungum,  
nóg var þefið í honum;  
hann kvað oft stef á kvöldvökum  
og kunni að þefa af gridkonum.

Þorgeir Sveinbjarnarson hélt því fast fram í samtali við mig oftar en einu sinni, að Hannes Guðmundsson væri áreiðanlega höfundur vísunnar: Hans var jafnan höndin treg — og honum var í mun að það faðerni brenglaðist ekki. Mig minnir jafnvel að hann segðist hafa borið til baka í dagblöðum, að gefnu tilefni, að Bjarni Gíslason hefði ort vísuna. Þorgeir gerði sér ei að síður grein fyrir því, að Bjarni var sleipari hagyrðingur en Hannes Guðmundsson. En hann hafði kynnt Hannesi vel og vildi ekki að gengið væri á hlut hans — í gröfinni. Þorgeir taldi vísuna kveðna um 1923-24 á Fitjum í Skorradal og nefndi mér nafn bónda þess þar, er sennilega fékk skeytið.

Ég gat aldrei tekið almennilega undir rök Þorgeirs kunningja míns í þessu máli, og át hvor sitt. Mér fannst alltaf, og svo er enn — kannski fyrir áhrif frá vísnaafni Jóhanns Sveinssonar frá Flögu, sem ég las unglingur margsinnis — að Bjarni Gíslason hefði búið vísuna til, einhverjir straumar fleytt henni þó inn í bók annars manns. En hvenær verður það sannað? Í Vísnaafninu, útgáfu Sigurðar Jónssonar frá Haukagili (I, 1973), er Hannes Guðmundsson sagður höfundur þessarar þrætuvísu, ef til vill samkvæmt bók

hans, þótt Sigurður fylgi ekki textanum þar, heldur prenti vísuna í sömu gerð og Jóhann Sveinsson frá Flögu. Ljóðabókin Órar er ekki sönnunargagn í málinu ein sér. Þannig ritar Jóhann frá Flögu í seinna vísnaafni sínu, Höldum gleði hátt á loft, 1961 (og vísar til hins fyrra): „Hans var jafnan höndin treg — er sögð eftir Bjarna Gíslason, kunnan skagfirzkan hagyrðing, síðast á Þorsteinsstöðum í Dalasýslu, og hefir það verið almæli, bæði meðal Dalasýslunga og fjölda annarra vísnamanna. Eftir að vísnaakver mitt kom út, rakst ég á vísuna í Órum (Rvk 1925, bls. 56) eftir Hannes Guðmundsson. En ekki vil ég fullyrða neitt um það, hvort vísan hefir slæðzt inn í ljóð Hannesar eða er raunverulega eftir hann, en ekki finnst mér hún lík öðrum vísnum hans. — — Eftir að ég hafði gengið frá riti þessu til prentunar, átti ég tal við Guðmund Jósafatsson í Austurhlíð. Segir hann, að hann hafi heyrt vísuna í Skagafirði 1911, þá talda nýorta, og hafi hún af öllum verið talin eftir Bjarna um nafngreindan mann þar í sveitinni, en þá hefir Hannes Guðmundsson verið um 16 ára gamall og því lítil líkindi fyrir, að hann hafi ort slíka vísu. Þá taldi Ólafur Sigurðsson á Hellulandi hana í útvarpsþætti eftir Bjarna.“

Við þessa greinargerð er því að bæta, að árið 1925, frekar en '26, var Páll Jónsson, síðar bókavörður í Reykjavík, samtíða Bjarna Gíslasyni, þá að Langárfossi á Mýrum. Eitt sinn er Bjarni barst í tal milli okkar Páls, innti ég eftir álit hans á faðernismáli umræddrar vísu. Páll sagði að Bjarni hefði á Langárfossi haft vísuna yfir fyrir sig „eins og hún væri eftir hann sjálfan, en ekki annan höfund“.

Þótt Hannes Guðmundsson væri nokkuð ófrumlegur hagyrðingur, þá getur átt sér stað að hann rambaði á að gera eina reglulega snjalla vísu á ævinni, þess eru dæmi um menn. Þó er líklegra, ef satt skal segja, að Bjarni Gíslason eigi hina frægu vísu með húð og hári, líkt og margir hafa talið, eða þá að þeir kumpánarnir, Bjarni og Hannes, hafi smíðað hana í félagi og hvor um sig viljað slá eign sinni á svo góðan grip.

*Hannes Pétursson.*

# Héraðsbókasafn Skagfirðinga

## Safnahús Skagfirðinga

### ÁRSSKÝRSLA 1983

Héraðsbókasafnið var sem fyrr opið 16 stundir 5 daga vikunnar, mánudaga-miðvikudaga kl. 4-7 s.d., fimmtudaga kl. 17.30-10 s.d. og föstudaga kl. 2-6.30 s.d., en í júlí og ágúst var útlánsdögum fækkað og einungis opið á mánudögum og fimmtudögum á fyrrgreindum tímum.

Lánþegar frá 1. júlí 1982 til 1. júní 1983 urðu alls 604 eða nokkru fleiri en fyrra ár. Barnaskírteini voru 201, en fullorðinsskírteini 403. Gjald fyrir lánsskírteini var frá 1. júní til jafnlengdar 1984 ákveðið 200 kr. fyrir fullorðna, en 50 kr. fyrir börn og ellilífeyrisþega. Sektargjald hélzt óbreytt, 50 aurar á bók fyrir hvern vanskiladag. Reglur um lánstíma héldust óbreyttar frá fyrra ári.

Gestir, sem fengu léðar bækur, urðu alls 8.265, börn 2.129, en fullorðnir 6.136. Heildarútlán urðu 34.340 og minnkuðu um rúm 11% frá fyrra ári. Er það í fyrsta sinn í áratugi, sem fækkun verður. Útlánin skiptust þannig, að lánaðar voru 7.200 barnabækur, en alls 27.140 bækur fyrir fullorðna. Nánar greinist þetta þannig, að skáldsögur voru 26.844, flokkabækur 7.366, tímarit og fræðirit af lestrarsal 107 og blindrabækur 23.

Útgerðarfélag Skagfirðinga fékk lánuð 455 bindi til togaranna þriggja, og til annarra safna og skóla voru lánuð 41 bindi.

Í safnið bættust 610 bindi á árinu og skráð númer í árslok voru 19.270. Búndin voru 37 bindi og auk þess 62 bækur í kjölfestuband, alls 99 bindi.

Enn sem fyrr gáfu ýmsir bækur, blöð eða tímarit til safnsins og eru þeim öllum færðar beztu þakkir. Skrá yfir gefendur fylgir hér aftar.

### SAFNAHÚS SKAGFIRÐINGA

Starfsemi í Safnahúsinu var fjölbreytileg sem jafnan áður, þó varð sú meginbreyting, að síðari hluta ársins fluttist Tónlistarskólinn að mestu í annað húsnæði, hafði þó ennþá æfingatíma tvisvar í viku og hélt hér alla sína tónleika. Þegar þetta pláss losnaði þannig úr stöðugri notkun, fékk Elías Halldórsson listmálari vinnuáðstöðu um óákveðinn tíma í sýningarsal hússins.

Eins og endranær voru salir hússins leigðir til fundahalda og annarrar starfsemi. Bæjarstjórn hélt 23 fundi og sýslunefnd 4, aðrir fundir voru 20. Kjörfundir voru 2, annar vegna alþingiskosninga, en hinn þegar kosið var um opnun áfengisútsölu í bænum. Aðrar samkomur voru 2. Sýningar urðu alls 9. Hingað komu listamennirnir Katrín H. Ágústsdóttir, Sigfús Halldórsson og Jónas Guðmundsson með verk sín, einnig komu á vegum Norræna félagsins myndir eftir Færeyinginn Amariel Norðoy. Heimilisiðnaðarfélag Íslands hélt hér sýningu og einnig var sýning á verkum skagfirzkra kvenna. Sýndir voru flekar með myndum og texta úr lífi Bertels Thorvaldsen, sem Safnahúsinu voru gefnir árið áður. Loks voru hér tvær farandsýningar, önnur frá Þjóðminjasafni, ljósmyndir um íslenzka torfbæinn, hin frá Menningarstofnun Bandaríkjanna, Scandinavia to day. Tónleikar urðu 6 talsins og 1 bókmenntakynning, þar sem þeir lásu úr verkum sínum Guðmundur L. Friðfinnsson, Gyrðir Elíasson og Jónas Guðmundsson.

Unnið var að viðhaldi og endurbótum í húsinu, einkum miðstöðvarkerfinu, þar sem m.a. var sett Danfoss hitastillikerfi á alla ofna. Þá var einnig komið fyrir sjálfvirknibúnaði á þróardælu í kjallara.

Tveir fræðimenn komu til stuttrar dvalar í fræðimannsherbergi hússins.

Starfslíð safnanna var óbreytt frá fyrra ári: Hjalti Pálsson bóka-vörður og forstöðumaður Safnahússins í fullu starfi, Kristmundur Bjarnason skjalavörður í hálfu starfi, Anna Pálsdóttir afgreiðslumaður í bókasafni í hálfu starfi og Jóna Sveinsdóttir, sem annaðist ræstingu.

Stjórn safnanna var einnig óbreytt: Kári Jónsson formaður, Rögnvaldur Gíslason og Sigurlaug Sveinsdóttir fulltrúar Sauðárkróksbæjar og Kristmundur Bjarnason og séra Gunnar Gíslason fulltrúar Skagafjarðarsýslu.

### Skrá yfir gefendur til bókasafnsins:

Anna Pálsdóttir, Birkihlíð 4, Sauðárkróki.  
Árni Bjarnarson, Lyngholti 14 c, Akureyri.  
Björn Egilsson frá Sveinsstöðum.  
Garðar Guðjónsson og Sigurlaug Gunnarsdóttir, Háuhlíð 4, Sauðárkróki.  
Guðjón Ingimundarson, Bárustíg 6, Sauðárkróki.  
Guðmundur Gunnarsson, Höskuldsstöðum.  
Halldór Þ. Jónsson, Víðigrund 5, Sauðárkróki.  
Náttúrugripasafnið á Akureyri, Hafnarstræti 81.  
Ólafur Sveinsson, Víðihlíð 14, Sauðárkróki.  
Skúli Magnússon, Vesturgötu 44, Keflavík.  
Sæmundur Dúason, Hríseyjargötu 2, Akureyri.  
Tómás Helgason frá Hnífsdal, Hofteigi 50, Reykjavík.  
Tryggvi Guðlaugsson frá Lónkoti.

*Hjalte Pálsson.*

## Greinargerð um Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 1983

Á árinu 1983 var unnið að flokkun, handritalýsingum og skráningu handrita eins og árið á undan, og vannst talsvert á. Handritasafn Stefáns Jónssonar á Höskuldsstöðum er t.a.m. mest allt komið á skrá og frá gengið, en handrit úr því safni voru að berast framundir áramót. Kennir hér margra grasa, sem vænta mátti. Byrjað var lítillega á gerð lykilskráa, handrit merkt uppflettitölum o.s.frv. Fjölmargir minntust safnsins með handritagjöfum. Ber þar einkum að nefna miklar handritasýrpur, sem Andrés Björnsson útvarpsstjóri færði safninu. Eigandi þeirra og ritari var Gunnlaugur Sölvason frá Þverá í Hrolleifsdal (f. 1845), síðast í Vesturheimi. Sýrpur þessar eru 29 talsins auk lausra blaða. Einnig gaf Andrés safninu ættartöluhandrit eftir Jón Espólín og með hendi hans: *Steingrímsætt* (frá Hofi í Lýtingsstaðahreppi).

Hannes Pétursson skáld hefur frá því undirritaður kom að safninu hyglað því árlega og reynzt því á alla lund hin mesta hjálparhella. Á árinu gaukaði hann m.a. að safninu handriti eftir Þóri Bergsson (Þorstein Jónsson). Voru það æskuminningar hans, er Þorsteinn fékk Hannesi til varðveislu á sínum tíma. Í haust (þ.e. 1984) eru þessir ágætu minningaþættir væntanlegir á bókamarkaðinn, en Bókaforlag Odds Björnssonar keypti birtingarréttinn, sem Héraðsskjalasafnið á. Enn má geta þess, að Sögufélag Skagfirðinga keypti birtingarrétt að ritverkum Stefáns á Höskuldsstöð-



um, þeim sem hann hafði gengið frá. Erfingjar hans og Héraðsskjalasafn gerðu með sér helmingafélag um höfundarréttinn, eins og fyrr hefur verið greint (sjá Safnamál 1982). Fyrsta bindi þessa ritsafns er væntanlegt í haust.

Í Héraðsskjalasafni Skagfirðinga er varðveitt nokkurt safn hljóðbanda. Viðmælendur/flytjendur eru flestir Skagfirðingar. Mun meira er þó um hljóðritanir, sem safnið hefur aðgang að og heimilar eru til afritunar, sumar hverjar 30 ára gamlar. Hér er því um að ræða mikið raddsafn. Svólítið hefur verið búið í haginn, hvað þetta varðar, en það er bæði tímafrekt og kostnaðarsamt verkefni. Þó verður trúlega að því unnið, svo sem efni leyfa.

Í ráði er að hefjast handa um gerð lykilskráa fyrir safnið á þessu ári (1984), hamli fjárskortur ekki. Það er orðið mjög brýnt, handritasafnið orðið svo mikið að vöxtum, að afgangur er vægast sagt mjög óhæg, þar sem engar eru lykilskrárnar, jafnvel óhugsandi, er leita þarf uppi ákveðin efnisatriði.

Skjalasafninu berast að sjálfsögðu opinber gögn árlega, og alltaf heimtist eitthvað, sem fyrir löngu átti þar að vera. Björn Eðgilsson frá Sveinsstöðum hefur undanfarna vetur unnið að grófflokkun gagna sýsluskrifstofunnar á Sauðárkróki og bæjarfógetaembættisins þar. Að vísu hefur þessi vinna ekki farið fram á vegum safnsins og gögn þess ekki formlega afhent því, en verkið unnið undir handarjaðri þess. Hér er um mikinn safnauka að ræða, sýslunargögn allt frá upphafi þessarar aldar, þótt sums staðar vanti að vísu í. Skjalaöskjurnar eru á annað þúsund (stærri gerð, folio) og hátt í tvö hundruð bækur. Óvíst er, hve mikill hluti þessara skjala á að fara á Þjóðskjalasafn; meginhlutinn verður þó varðveittur hér. Auk þessa hefur Björn grófflokkað hluta af skjalasafni Sauðárkróksbæjar í meira en tvö hundruð öskjur.

Það gefur auga leið, að allt þetta tekur mikið rúm, en er nú á nokkrum stöðum í Safnahúsinu vegna þess að geymslurými Héraðsskjalasafnsins var fullnýtt fyrir og meira en það. Við þetta bætist svo, að bókagjöf Sigurðar J. Gíslasonar kennara bíður enn afhendingar vegna þrengslanna. Nú má þó telja fullvíst, að úr rætist á næstunni.

## Skjalasöfn hreppanna í Skagafjarðarsýslu (frh.)

Skarðshreppur	Kassabók/sjóðbók	1923-1945 (1946)
Hreppstjóri	Reikningar	1907-1909 — 1946-1947
Hreppaskilabók/skýrslubók 1908-1928 (frh. af hrskb. Sauðárhr. 1900-1907)	Skattanefnd	
Uppskrifta/virðinga/ uppboðsbók 1914-1936	Gerðabók	1922-1934
Úttektabók 1908 (í úttb. Sauð. 1900-1907)	Skólanefnd	
— 1908-1951	Gerðabók	1908-1957
— 1951-1968		(og laus blöð til 1966)
Fundagerðabók fjallskila 1923-1962		
Kjörbók 1907-1940	Sáttanefnd	
Kjörskrá 1946-1947	Gerðabók	1908-1937
Ýmis skjöl 1937-1946		
Hreppsnefnd	Fasteignamatsmenn	
Fundagerðabók 1907-1939	Aðalmat	1942
— 1941-1950	Búnaðarfélag	
— 1950-1969	Fundagerða-reikninga- og skýrslubók	1909-1933
Skjöl oddvita 1955-1968		

(frh. af bók Bún. Sauð. 1886-1908)	Reikningar	1814-1815
—	—	1817-1821
Jarðabótaskýrslur	—	1822-1823
—	—	1825-1826
—	—	1827-1859
Viðskiptabók við Sparisjóð Sauðárkróks	Búnaðarskýrslur	1826-1829
1912-1960	—	1831-1860
	Hundahaldsbók	1876-1923
<b>Kaupfélag Skagfirðinga</b> — Skarðsdeild		
Fundagerðabók	1913-1921	
Söguágríp	1889-1963	
<b>Lestrarfélag</b> <b>Reykjastrandar</b>		
Fundagerðabók	1929-1948	
	<b>Hreppsnefnd</b>	
	Fundagerðabók	1902-1918
	—	1918-1934
	—	1934-1956
	Bréfabók	1902-1916
	—	1928-1933
	—	1933-1937
	—	1937-1943
	—	1943-1949
	—	1949-1961
	Dagbók	1908-1934
	Hreppsbók/sveitarbók	1885-1901
	—	1901-1924
	—	1924-1937
	—	1938-1954
	Kassabók/sjóðbók	1929-1942
	Útsvarsbók	1935-1938
	—	1939-1942
	—	1943-1947
	—	1948-1964
	Reikningar	1893-1909
	<b>Skattanefnd</b>	
	Gerðabók	1922-1930
	—	1931-1944
	—	1945-1962

## Skefilsstaða- hreppur

### Hreppstjóri

Bréfabók	1901-1907
—	1934-1938
—	1939-1972
Hreppaskilabók/skýrslubók	1880-1914
Uppskrifta/virðingabók	1909-1965
—	1966-1968
Uppboðsbók	1910-1936
Fundagerðabók hreppaskila	1901-1946

### Skólanefnd

Gerðabók	1914-1920
<b>Brunabótafélag</b> <b>Íslands — Skefilsstaða- hreppsumboð</b>	
Sjóðbók	1934-1950

### Brunabótasjóður

Iðgjaldabók	1928-1933
Vátryggingabók	1928-1933
Virðingabók	1927-1933

### Búnaðarfélag

Fundagerða- og reikningabók	1934-1958
--------------------------------	-----------

### Fóðurbirgðafélag

Fundagerðabók	1936-1974
Fundagerða- og skýrslubók	1919-1943
Skýrslubók	1944-1973
Reikningabók	1919-1928
—	1937-1965
—	1965-1973

### Kvenfélag

Fundagerðabók	1908-1927
---------------	-----------

### Lestrarfélag

#### Hvammsprestakalls

Fundagerða- reikninga- og skýrslubók	1902-1910
— (afrit)	1902-1910
—	1911-1939

Lítið var unnið að myndskráningu á árinu. Skylt er að geta þess með þakklæti, að Menningarsjóður Kaupfélags Skagfirðinga veitti 10 þúsund króna styrk til hennar.

Gestir safnsins voru 605; afgreidd erindi utan afgreiðslutíma reyndust 317.

*K. B.*

### Skrá um gefendur 1983

Andrés Björnsson, Hofsvallagötu 62, Reykjavík.  
Arndís Jónsdóttir, Ægisstíg 8, Sauðárkróki.  
Árni M. Jónsson, Grundarstíg 1, Sauðárkróki.  
Arnór Sigurðsson, Suðurgötu 20, Sauðárkróki.  
Auður Vilhelmsdóttir, Háuhlíð 5, Sauðárkróki.  
Ásta Júlía Hreinsdóttir, Smáragrund 8, Sauðárkróki.  
Björn Egilsson frá Sveinsstöðum.  
Björn Jónsson, Bæ, Höfðaströnd.  
Dánarbú Ásmundar Jónssonar frá Skúfsstöðum og Irme-Weile Jónsson.  
Erna Einarsdóttir og Gísli Felixson, Hólavegi 18, Sauðárkróki.  
Gísli Magnússon, Vöglum, Akrahreppi.  
Guðjón Ingimundarson, Bárustíg 6, Sauðárkróki.  
Guðmundur Andrésson, Hólavegi 10, Sauðárkróki.  
Guðmundur Einarsson, Veðramóti, Skarðshreppi.  
Gunnar Gíslason, pr., Varmahlíð.  
Gunnhildur Björnsdóttir, Grænumýri, Akrahreppi.  
Halldóra Árnadóttir og Leifur Sveinsson, Tjarnargötu 36, Reykjavík.  
Hannes Pétursson, Túngötu 25, Álftanesi.  
Haraldur Guðbergsson, Barmahlíð 4, Sauðárkróki.  
Helga Helgadóttir, Bogahlíð 14, Reykjavík.  
Héraðsskjalasafn Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu.  
Héraðsskjalasafn Svarfdæla, Dalvík.  
Hjalti Pálsson, Raftahlíð 57, Sauðárkróki.  
Hlíf Árnadóttir og Kristmundur Bjarnason, Sjávarborg, Skarðshreppi.  
Hólmfríður Jónasdóttir, Viðigrund 16, Sauðárkróki.  
Ingólfur Nikódemusson, Freyjugötu 3, Sauðárkróki.  
Ingimar Bogason, Freyjugötu 34, Sauðárkróki.  
Jóhann L. Jóhannesson, Silfrastöðum, Akrahreppi.

Jóna Guðný Franzdóttir, Skógargötu 17b, Sauðárkróki.  
Jónas Haraldsson, Völlum, Seyluhreppi.  
Júlíus J. Daníelsson, Dalsseli 40, Reykjavík.  
Kjartan Jónsson, Hlíðarenda, Hofshreppi.  
Kristinn Pálsson, Lönguhlíð 14, Akureyri.  
María Magnúsdóttir, Sléttahrauni 23, Hafnarfirði.  
Marteinn Ág. Sigurðsson, Gilá, Hún.  
Ríkisútvarpið.  
Samband skagfirzkra kvenna.  
Sigurbjörg Halldórsdóttir, Brekkukoti, Hofshreppi.  
Sigurbjörg Tómasdóttir frá Felli, Fálkagötu 19, Reykjavík.  
Sigurður Jónsson, Reynistað.  
Sigurfinnur Jónsson, Öldustíg 9, Sauðárkróki.  
Sigurlína Björnsdóttir (frá Hofi, Höfðaströnd), Reykjavík.  
Sigurmon Hartmannsson, Kolkuósi.  
Snjólaug Guðmundsdóttir, Árnesi, Lýtingsstaðahreppi.  
Sólveig Felixdóttir og Guðmundur Gunnarsson frá Höskuldsstöðum, Akra-  
hreppi.  
Steinvör Júníusdóttir, Öldustíg 11, Sauðárkróki.  
Sveinn Nikódemusson, Grænubrekku 2, Sauðárkróki.  
Sverrir Björnsson, Hólavegi 20, Sauðárkróki.  
Sögufélag Skagfirðinga.  
Tryggvi Guðlaugsson frá Lónkoti, Fellshreppi.  
U.M.F. Tindastóll, Sauðárkróki.  
Unnur Guðmundsdóttir, Hólmagrund 13, Sauðárkróki.  
Þórður Friðbjarnarson, Aðalstræti 50, Akureyri.  
Þórhildur Ísberg, Garðabyggð 1, Blönduósi.  
Þórir Arngrímsson, Litlu-Gröf, Staðahreppi.  
Ögmundur Svavarsson, Öldustíg 13, Sauðárkróki.  
Örn Eiríksson, Sæbraut 21, Seltjarnarnesi.

## Úr Héraðsskjalasafni

Í safni Stefáns Jónssonar frá Höskuldsstöðum er miði, sem hann hefur hripað á í flýti nokkrar minnisgreinar. Sögumaður hans, Sigurður Helgason bóndi á Hömrum í Reykholtssdal, var húnvetnskrar ættar, móðir hans, Elísabet, var dóttir Elínar, alsystur Sigurðar Guðmundssonar á Heiði í Gönguskörðum. Hún fluttist vestur í Miðdali. — Uppkast Stefáns að þessum tveim greinakornum hef ég búið til prentunar.

K. B.

## Eyvindarhola

Sigurður Helgason bóndi á Hömrum í Reykholtssdal sagði mér 4.-5. apríl 1912 frá ýmsu, er nú skal greina: Hjálmar heitinn á Kolsstöðum hefði sagzt hafa fundið gamalt skinnblað, og af því sagðist hann hafi séð, að þar sem Hallmundarhraun er nú, hafi í fyrndinni, áður en hraunið rann, verið veiðivatn og kringum það grasgefnar engjar.

Frá Kalmanstungu að Reykjavatni er um 12 klukkustunda lestagangur. Nálægt Reykjavatni í Hallmundarhrauni er Franshellir (eða Eyvindahellir). Þar í hrauninu er og Eyvindarhola. Það er hraunhola, er Fjalla-Eyvindur lagaði til að innan og setti hellu yfir opið. Í holunni er rúm fyrir hér um bil einn mann. Mun Eyvindur hafa ætlað að fela sig þar og einnig að geyma þar vistir.

Hella er yfir opinu, en opið er á sléttri hraunhellubungu og svo vel felld, að lítil mismíði sjást á. En þó er rák með henni, sem koma má fingrum ofan með til að lyfta henni ofan af opinu, og kvað vera meðalmanntak. Þessi hola er nálægt Reykjavatni. Sigurður Helgason sagði að sér ungun hefði Guðmundur nokkur Böðvarsson sýnt holuna, þá þeir voru á veiðum við Reykjavatn. Mörgum árum síðar kom Sigurður á sömu stöðvar og heppnaðist að finna holuna, og enn síðar sýndi Sigurður þeim Sigurði í Hraunsási og öðrum manni, en er þeir síðar ætluðu að finna holuna, gátu þeir það eigi. Hélt Sigurður Helgason, að fáir vissu um holuna nema hann.

## Franshellir eða Eyvindarhellir

Sigurður lá í Franshelli í leitum og fann þá naglbít í bælinu í hellinum. Á aðra álmuna var slegið svæfingarjárn. Mun Jón Frans hafa drepíð með því hross þau, er hann drap, er voru sjö alls. Frans var Hrótfirðingur, lagðist út um vor og var handtekinn á jólaföstu eða fyrir jól, af Hrótfirðingum. Hvítsíðungar urðu varir við Jón Frans. Ég held veiðimenn við Reykjavatn. Þeir söfnuðust saman og hræddu hann til að gefast upp í hellinum. Þar var hann í holu og brýndi hníf, en þeir náðu honum eigi. Þeir kváðust ætla að byrgja hellinn, svo hann sylti í hel, en þá lét hann sig.

Jón Frans náði aldrei neinni kind, en tók sjö hross og var nær búinn með þau, er hann var tekinn. Þar í voru tvö hross, er hann kom með að norðan úr Hrótafirði.

(HSk. 435, 4to.)

## Þráhringing „stóru klukkunnar“ í Hóladómkirkju

Bréf prófests til biskups 18. des. 1878

Hérmeð vil eg ekki undanfella, að skýra Yður, Háæruverðugi herra Biskup, frá því óhappa tilfelli, sem átti sér stað á Hólum í Hjaltadal næstl. sumar, að aflokinni messugjörð 8<sup>da</sup> sunnudag eptir Trini-

Safnamál . 18

tatis, og var þannig háttað, að eptir það að fólk var gengið úr kirkju, mátti svo að orði kveða, að maður gengi undir manns hönd, helzt af hinum yngri mönnum, til að hringja stóru klukkunni, þangað til hún loksins eftir langa þráhringingu rifnaði gjörsamlega, með fjarskalega háum hvin, sem heyrðist langar leiðir. — Klukka þessi var sannkallaður menjagripur Hólakirkju frá fortíðinni, því jafnstór og hljóðgóð klukka mun hvergi eiga sér stað í Norðurlandi, enda heyri eg fullyrst, að í logni hafi heyrzt um alla sóknina, þegar henni var hringt af þeim, sem vel kunni til þess.

Þegar mér bárust þessar fréttir, ritaði eg sóknarprestinum bréf og bað hann að skýra mér greinilega frá, hvað satt væri í þessu, og hvernig þetta hefði orsakast, ef satt væri. — Fékk eg svo nokkru síðar privatbréf frá honum, er eg lét hér með fylgja, Yður til eptirsjónar, og leyfi mér þvínæst í undirgefni að leita Yðar góðu ráða í umræddu tilliti, svo réttur kirkjunnar verði ekki fyrir borð borinn.

## Úr minningum Jóhanns í Mýrakoti

Jóhann Jakob Einarsson, höfundur eftirfarandi frásagna, fæddist 1845 í Tungu í Fljótum og lézt í Mýrakoti á Höfðaströnd 1937. Þar bjó hann í 32 ár eða til 1912, er sonur hans, Einar, tók við búinu.



Jóhann J. Einarsson.

Jóhann fékk þann fermingarvitnisburð, að hann væri „skýr og vel að sér til bókar“. Hann var mikill á velli og hinn kempulegasti; góður búþegn. — Hér er gripið ofan í frásagnir hans: *Ýmislegt frá Jóhanni Einarssyni, Mýrakoti*. Fyrirsagnir eru mínar.

(K. B.).

## Fæði og klæði

Í mínu ungdæmi og raunar lengi fram eftir var sá siður á bæjum að hafa þrí-

Safnamál . 19

mælt. Þó gat út af brugðið, ef mjólkurlítið var. Íslenzkur matur var á borð borinn, kjöt, reykt og saltað, fiskur, nýr og harður, hákarl og svo spónamatur. Oft kom fyrir, að lítið var til að borða, sérstaklega á vorin. Kom sér þá oft vel að ná björg frá Drangey.

Klæðnaður fólks var talsvert mismunandi. Í mínu ungdæmi voru karlmannafötin stuttur jakki, aðskorinn, og lokubuxur, en brátt breyttist þetta, og menn fóru að ganga í síðbuxum og síðari og víðari jökkum. Fötin voru úr íslenzku vaðmáli, hversdagsföt sauðmórauð, en spariföt lituð úr indigó, síðar úr hellulit. Allur nærfatnaður karla og kvenna var úr vaðmáli, indigólitaður. Hversdagsbúningur kvenna var pils og treyja úr vaðmáli, indigólituð og svunta úr dúk allavega lituð. Kvensokkar voru venjulega svartir, en karlmannssokkar mórauðir eða bláir með hvítum fitjum.

## Sóttur arfur

Þegar ég var á Litlubrekku 18 ára gamall, bjuggu í Hornbrekku hjón, er hétu Árni og Kristín. Henni hafði tæmzt arfur norður í Hörgárdal og þurfti að vitja hans. Þau fengu mig til þess að fara norður og sækja peningana. Ég lagði á stað nokkru fyrir jólafestu, hélt fram í Kamb í Deildardal og var Jósúa Þórðarsyni samferða yfir jökulinn. Segir ekki af ferðum mínum fyrr en ég kom að Efstalandi í Bakkasókn í Yxnadal, en þar átti ég að taka peninga, enn fremur á Myrká í Hörgárdal, og einnig var ég með bréf að Saurbæ, en þar var systir Kristínar. Þegar ég kom að Efstalandi og hitti bónda, voru peningarnir til. Hann þurfti bara að fara á bæi að sækja votta, sem við áttu að vera, þegar ég tæki við peningunum. Það gekk nú fljótt. Mér voru þar afhentir 100 ríkisbankadalir, vel og vandlega raðað í eltan nautspung, síðan saumað fyrir vandlega með garni og innsiglaður, lakkið látið brenna í sauminn, endar lagðir út á aðra hlið pungsins og lakkað yfir. Kvittun varð ég að gefa.

Að þessu loknu var komið fast að myrkri og sýndi ég á mér ferðasnið. Bóndi sagði mér, að ég héldi ekki lengra en í Staðar-

tungu. Þegar þangað kom, hitti ég ungan mann á hlaðinu, sem ég síðar fékk að vita, að var sonur bónda. Ég spurði hann til vegar að Saurbæ. Hann kvað það stutta bæjarleið. Sagði hann mér, að innan stundar hitti ég beitarhús frá Staðartungu og þau stæðu á móti Þúfnavöllum hinum megin árinna, en Saurbær væri rétt fyrir framan Þúfnavelli. Ég kvaddi hann og hélt leiðar minnar eftir þessari stefnu, sem pilturinn benti mér. Rétt eftir að ég fór frá Staðartungu fór að rigna og myrkur að færast yfir. Mér þótti löng bæjarleiðin að beitarhúsunum, hvað þá að Saurbæ.

Um kvöldið í niðamyrkri hitti ég beitarhúsin. Var óhugur í mér að halda lengra í þessu slúðviðri og myrkri og afræði því að láta fyrirberast í beitarhúsunum um nóttina. Ég smeygði mér því inn í fjárhúsin, tók af mér axlarpoka, sem ég hafði og fór að hagræða mér. En þá heyrði ég hundgá hinum megin dalsins. Við það hresstist hugur minn, svo ég tók mig upp aftur og hélt af stað, eftir því sem pilturinn hafði sagt mér.

Þegar ég kom ofan að ánni, lenti ég á hjarnskafli, og eftir honum gekk ég, og bjóst ég við, að hann mundi liggja yfir ána, eins og varð, en þegar ég kom yfir undir bakkann, var beljandi áll í ánni. Ég þreifaði mig áfram og hélt út í, þumlungaði mig . . . með hjálp stafsins. Áin var djúp og ströng, og bjóst ég við að fljóta upp þá og þegar. Þegar yfir undir bakkann kom og ég ætlaði að hafa mig upp, sat ég fastur í leirdrullu, og varð ég með höndum og fótum að krafla mig áfram. Loksins þegar ég komst upp, var ég orðinn hálfdaður, allur blautur orðinn frá hvirfli til ilja og drullugur. Stanzaði ég lítið eitt á bakkanum, en þá tók hundurinn til og fór að hlaupa spottakorn frá mér ýlfrandi, koma til mín aftur og flöggra upp um mig.

Mér þótti þetta einkennilegt. Þetta hafði hann aldrei gjört. Ég vissi það daginn eftir, að hundurinn hefur viljað hafa mig frá ánni í tíma, því um nóttina ruddi hún sig og bar íshröngl á þann stað, sem ég stóð.

Eftir að ég hafði gengið litla stund frá ánni, sá ég ljósi bregða fyrir. Ég hélt í þá átt og kom að vörmu spori að Þúfnavöllum. Þar var mér boðið að vera, en ég vildi ekki og spurði um Saurbæ. Mér var sagt um veginn þangað. Síðan kvaddi ég og eftir drygklanga

stund kom ég að Saurbæ, barði að dyrum og gerði boð fyrir Soffíu, systur Kristínar. Til dyranna kom ung stúlka, um tvítugt, er kvaðst heita Soffía. Hún bauð mér strax inn, lét mig sitja hjá rúmi sínu, sem var uppbúið. Dró hún af mér vosklæði, yzt sem innst, og sagði mér, að þetta væri rúmið sitt og þar ætti ég að sofa í nótt og hún máske líka. Hún sagði þetta glettnislega, en ég fór hjá mér og roðnaði. Hún lánaði mér föt til að fara í, og voru mín föt vandlega þvegin og þurrkuð.

Ég sagði Soffíu frá bréfum, sem ég væri með til hennar, þau væru í brjóstvasa mínum og væru víst blaut. Hún fór að gæta að því, en um þau var vel búið, því um þau var vafið bókfell utan af bók, og höfðu þau ekki orðið fyrir hnjaski.

Ég bað Soffíu fyrir peningana, meðan ég dvaldi í Saurbæ, en það voru tveir dagar. Ég sagði þeim frá ferðalagi mínu yfir ána og hvernig hundurinn hefði látið. Eftir góða hressingu um kvöldið fór ég að háttu. Ég sofnaði fljótt og svaf vel um nóttina. Mig var alltaf að dreyma, að ég væri að vaða yfir á og lenti í hálfgerðum hrakningi, en hafði mig þó alltaf fram úr þessu.

Morguninn eftir fór ég út, og hafði ég þá gaman af að líta yfir landið, sem ég hafði farið kvöldið áður. Um leið og ég gekk í bæinn, kom ég við í eldhúsinu og hitti þar Soffíu. Ég sagði henni draum minn. Hún sagði mér, að ég skyldi segja bónda hann, og myndi hann ráða hann. Ég gerði eins og hún sagði. Bóndi réð drauminn á þann veg, að þarna væri ævibrautin mín. Ég mundi verða gamall maður, og þó eitthvað blési á móti mér, mundi ég ávallt komast klaklaust yfir allt. Og svo hefir orðið. Ég hefi komizt yfir öll vandræði í lífi mínu með guðs hjálp, enda alltaf haft hann með í verki. Ég bað bónda að koma með mér ofan að ánni, en hann vildi það ekki. Sagði hann, að áin hefði rutt sig skömmu eftir, að ég fór yfir hana og hefði hundur vitað, hvað í vændum var og viljað hafa mig sem fyrst í burtu frá ánni, svo ég lenti ekki í ruðningnum.

Ég naut alls góðs af fólkinu í Saurbæ. Það vildi, að mér liði sem bezt. Sérstaklega var Soffía mér góð. Bar ég síðan yl í brjósti til hennar. Annað hefir það ekki átt að vera. Ég hef alltaf haldið

spurnum fyrir henni og vissi æði oft, hvað henni leið. Eina dóttur mína lét ég heita í höfuð á henni.

Eftir tveggja daga dvöl í Saurbæ, bjó ég mig til ferðar þaðan. Voru föt mín öll hrein og þurr. Mér var háfilla við að hafa peningana í vasa mínum, þessa gat ég við Soffíu. Hún fékk sér því spotta og nál og saumaði punginn innan í skyrtur mínar, þar sem lítið bar á honum. Þótti mér þetta heillaráð, og við því hreyfði ég ekki fyrr en heima. Kvaddi ég svo Soffíu og annað heimafólk í Saurbæ með virktum og hélt að Myrkárdal [svo], en þar átti ég að taka peninga. Kristján hét bóndi þar. Hann kvaðst ekki hafa peningana til, en þyrfti að skjótast ofan að Bægisá til séra Arnljóts. Bað hann mig að bíða og láta sauði sína inn í kvöld, ef hann yrði ekki kominn, þegar þess þyrfti. Ég gerði eins og hann bað. Ekki vissi ég, hvað sauðirnir voru margir, en inn lét ég 30. Um kvöldið kom bóndi og spurði mig strax, hvort ég hefði látið inn sauðina. Ég kvaðst hafa látið inn 30 sauði. Hann varð glaður í bragði og sagði, að þá hefði ekki marga vantað. — Ekki fékk ég peningana á Myrká [svo], og sagði bóndi mér, að þetta sem ég væri með af peningum, væri nóg handa mér að forsvara svona langa leið.

Ég var um nóttina á Myrká. Daginn eftir fór ég þaðan. Gekk ég sem leið lá út dalinn og inn ströndina. Um kvöldið kom ég að fornfálegu koti, sem ég ekki man, hvað nefnt var. Var fólkíð þar mér afundið og mjög mikil tregða á, að ég fengi að vera. En veður var ískyggilegt, norðan kafald, ég ókunnugur og vissi ekki, hvar næsta bæjar var að leita, svo ég hálftróð mér inn. Mér leizt illa á fólkíð, virtist það til í allt. Ég get varla sagt ég legði mig til svefnis þar um nóttina og dreif mig á stað snemma næsta morgun. Labbaði enn inn ströndina, yfir Hámundarstaðaháls ofarlega. Á hálsinum stanzaði ég dálítið, lagfærði skó minn og tók upp úr axlarpoka mínum sauðarmagál, sem Kristján á Myrká hafði gefið mér í nesti. Að því loknu hélt ég áfram.

Ég kom að Hofi í Svarfaðardal, barði að dyrum og bað um svaladrykk. Húsfreyja bauð mér inn og gaf mér heitan grjónagraut. Hún spurði fréttu og hvert ég ætlaði í dag. Ég kvaðst ætla að

Tungufelli. Hún sagði þar gott heimili. Ég þakkaði góðgjörðirnar, kvaddi húsfreyju.

Að Tungufelli kom ég um dagsetur. Ég gerði vart við mig á þann hátt sem þá var siður, þ.e.a.s. ég guðaði á glugga. Innan skamms var komið út til mín. Ég gerði boð fyrir bónda og bað hann að lofa mér að vera. Það var auðsótt. Vosklæði voru af mér dregin, og fleygði ég mér strax upp í rúm og sofnaði. Eftir drygklanga stund hrökk ég upp við hávaða nokkurn og reis upp. Það, sem hávaðanum olli, var, að kvenfólkið kom inn í baðstofuna með trog, kollur og byttur fullar af alls konar köldum mat: hangikjöti, saltkjöti, magál, brauði og smjöri og lagði þetta frá sér á borð, sem var í einu horni baðstofunnar. Átti vinnufólkið það. Inn í baðstofuhúsið var farið með 2 tinföt, annað handa húsbónda, en hitt handa mér. Var mér boðið þangað inn. Ég gerði matnum ekki þau skil, sem bónda líkaði, og sagði hann við húsfreyju, að hún skyldi stinga leifunum í vasa minn, um leið og ég færi, ég yrði máské feginn að grípa í það.

Ég var á Tungufelli 3 daga hriðtepptur. Eins og títt var í þá daga, sat fólkið við vinnu sína milli málaverka. Því hafði ég vanizt og leiddist því að sitja auðum höndum. Bað ég húsfreyju um þrjóna. Húsbóndi heyrði á það og sagðist hafa verkefni handa mér. Hann sat á rúmi sínu og telgdi til ullarkamba. Annars var hann vel hagar á járn og tré. Hann bað mig að draga járn í kamba. Setti hann mig á stól upp í eitt rúmið við einn baðstofugluggann, svo ég sæi vel. Ég tók eftir því, að glerrúður voru í glugganum, en það var fátítt um 1860. Venja var þá að hafa svokallaða skjáglugga; í stað glers var haft skæni úr kálfsbelgjum, sem kálfar fæddust oft í, og nefndust líknarbelgir. Skænin voru strengd á litlar svigagjarðir og þær festar í gluggann. — Mér gekk vel að draga í kambana. Bóndinn á Tungufelli hét Oddur, en húsfreyjan hét Guðrún, bæði vel roskin. Leið mér vel í Tungufelli þessa 3 daga. Hjónin voru ágætis mann-  
eskjur, annað heimafolk mjög almennilegt. Frá Tungufelli var mér fylgt að næstfremsta bæ í Svarfaðardal. Ég gisti á Atlastöðum, næsta bæ við heiðina. Daginn eftir hélt ég upp á Heljardalsheiði; fór ég upp að Stóru-Vörðu, sveigði þar við og lagði upp á Deildardalsjökul. Ég fékk norðan stórhrið á jöklinum, en hélt alltaf réttri

stefnu og kom að Kambi í Deildardal um kvöldið. Var ég þar um nóttina. Daginn eftir hélt ég heim og skilaði af mér peningunum — og þeirri stund var ég feginn.

(Hsk. 133, 4to.)

## SÖGUFÉLAG SKAGFIRÐINGA

SAFNAHÚSINU, SAUÐÁRKRÓKI

Sími (95)5424

Aðalumboðsmenn:

Árni M. Jónsson, Grundarstíg 1, Skr., heimasími 5128  
Hjalti Pálsson, Safnahúsinu, Sauðárkróki, sími 5424

Umboð á Akureyri:

Jón A. Jónsson húsvörður, Þórunnarstræti 104, sími 26850

Umboð í Reykjavík:

Sögufélagið, Garðastræti 13b, sími 14620



# Hver er maðurinn?

Um óþekktar myndir er fátt eitt að segja að þessu sinni. Engin svör bárust varðandi þær, sem birtust í ritinu í fyrra.

Um ónafngreindar myndir nú er þessa helzt að geta, ef verða mætti til leiðbeiningar:

Mynd nr. 144 er merkt S. Eymundsson, Reykjavík; nr. 145 Daníel (Danjel) Davíðssyni, Sauðárkróki; nr. 146 tók H. Einarsson, Akureyri. Mynd nr. 147 er stimulduð: G.G. Sverrisen. 148. mynd tók Eyjólfur Jónsson, Seyðisfirði. Myndir 149-154 eru ómerktar. Nr. 155-158 tók Arnór Egilsson, við nr. 155 er staðsetningin engin, á nr. 156 kennir hann sig við Hæli, á nr. 157 við Bjarnastaði, og á nr. 158, Akureyri. P. Brynjólfsson, Reykjavík, tók myndirnar nr. 159 og 162; en nr. 160 er tekin á ljósmyndastofu H. Schiöth á Akureyri; 161 á ljósmyndastofu Baldvin and Blondal í Winnipeg. Konurnar á síð-ustu tveim myndunum, nr. 163-164, sátu fyrir í Kaupmannahöfn.

Lesendur eru sem fyrr bednir að nafngreina myndirnar og senda lausnir til Héraðsskjalasafns Skagfirðinga, Sauðárkróki.



144



145



146



147



148



149



150



151



152




153



154



155



156



157



158



159



160



161



162



163



164



## *Minningarkort*

Fræðasjóðs  
Skagfirðinga  
fást í

Safnahúsinu  
við Faxatorg,

Verzlun Haraldar  
Júlíussonar

og hjá

Kára Jónssyni,  
Smáragrund 16

# útlán

## BÓKASAFNIÐ


Mánudaga . . . . .	kl. 4.00— 7.00 s.d.
Þriðjudaga . . . . .	kl. 4.00— 7.00 s.d.
Miðvikudaga . . . . .	kl. 4.00— 7.00 s.d.
Fimmtudaga . . . . .	kl. 7.30—10.00 s.d.
Föstudaga . . . . .	kl. 2.00— 6.30 s.d.

*Lestrarsalurinn er opinn á sömu tímum.*

## HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ

*er opið til afgreiðslu*

Fimmtudaga . . . . .	kl. 8.00—10.00 s.d.
Föstudaga . . . . .	kl. 2.00— 6.00 s.d.



SAFNAHÚS  
SKAGFIRÐINGA